



**SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR**

Alþingi
Erindi nr. D 128/1405
komudagur 3.3.2003

Félagsmálanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hafnarfirði, 28.02.2003.

Athugasemd um frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins:

Í 3. grein III. kafla laganna segir að áður en til tilvísunar til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins komi skuli hafa farið fram frumgreining sem er eðlilegur framgangsmáti áður en til sérhæfðari athugunar kemur.


Í 6. grein IV. kafla segir að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins geti með sérstökum samningi gegn greiðslu annast sérfræðiþjónustu grunnskóla svo og ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu leikskóla fyrir sveitarfélögin.

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar:


- 1) Skilgreining 6. gr. IV. kafla er óljós og ekki kemur nógu vel fram hvað þetta felur í sér.
- 2) Vikið er hjá þeirri kröfu að frumgreining skuli hafa farið fram áður en til tilvísunar kemur sbr. 3. gr. III. kafla.

Tekið skal fram að ekki er verið að gera athugasemdir við fræðslu- eða ráðgjafarhlutverk Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins gagnvart sveitafélögum, heldur eingöngu hvað varðar frumgreiningarþáttinn. Í ljósi þess að verkefni Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins eru umfangsmikil og mikil þörf fyrir þjónustu hennar virðist þessi þáttur þjónustunnar eiga betur heima á fyrri stigum þjónustu. Þar má nefna Skólaskrifstofur/ Fræðsluskrifstofur og sjálfstætt starfandi sérfræðinga.

Virðingarfyllt,
f.h. Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar


Magnús Baldursson, fræðslustjóri


Elín Jónasdóttir, deildarstjóri, ráðgjafardeildar


Anna Björnsdóttir, sálfræðingur ráðgjafardeild